



## **Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga**

**Skýrsla stjórnar  
fyrir starfsárið 2004 –2005**



# Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga h.f.

Aðalfundur félagsins

haldinn á Fosshótel Húsavík 3. júní 2005

## Starfsemin

Síðasti aðalfundur AP var haldinn í Hótel Reynihlíð við Mývatn 27. maí 2004. Síðan þá hefur stjórn félagsins haldið 10 formlega stjórnarfundum. Nýkjörin stjórn kom saman til fyrsta fundar 27. maí í Hótel Reynihlíð, og skipti þá m.a. með sér verkum. Björn Ingimarsson var kjörinn formaður, Pétur Snæbjörnsson varaformaður og Guðmundur Guðmundsson ritari.

Um almenn rekstrarskilyrði AP á starfsárinu má segja að þau grundvallast einkum af tvennu. Samningum við Byggðastofnun annars vegar og sveitarfélögin 10 á starfssvæðinu hinsvegar. Í gildi eru samningar sem gerðir voru á árinu 2003. Á þeim var hægt að byggja og huga að frekari eflingu starfseminnar, því verkefni eru mörg og margvísleg og svæðið stórt.

Í samræmi við samstarfssamning við Byggðastofnun voru gerðir tveir sérstakir verkefnasamningar um tiltekin viðfangsefni, annars vegar fyrir síðari helming ársins 2004 og hinsvegar fyrir allt yfirstandandi ár. Vinnuheiti þessa verkefnasamnings er "Vatn á myllu nýsköpunar" og tekur fyrst og fremst á vinnu við nýtingu á orku og jarðhitaauðlindum.

Þrátt fyrir þessa samninga var fjárhagsrammi AP óásættanlega þröngur og því þurfti að leita eftir sértekjum m.a. í formi verkefnastyrkja. Ennfremur var lögð mikil vinna í að sannfæra fjárveitingavaldið um nauðsyn þess að leggja meira í atvinnuráðgjöf í Þingeyjarsýslu. Afrakstur þess var sérstakur liður á fjárlögum fyrir árið 2005, sem dugar þó einungis fyrir hlutastarfi.

Tveir fastir starfsmenn hafa verið hjá AP á starfsárinu. Tryggvi Finnsson, framkvæmdastjóri, og Gunnar Jóhannesson, atvinnuráðgjafi. Fyrir skömmu var Kristján Þ. Halldórsson ráðinn tíma-bundið í hlutastarf sem atvinnuráðgjafi. Dögg Matthíasdóttir var ráðinn frá 1. apríl til að sinna starfi verkefnisstjóra vegna samnings AP og Markaðsráðs Þingeyinga. Þjóðum við þau velkomin til starfa og vonumst eftir kröftum þeirra a.m.k. út yfirstandandi ár. Vinna þarf að því að tryggja fjármagn til að halda þremur föstum stöðugildum, og samningur við Markaðsráðið gildir í fyrstu út árið.

En umsvif AP hafa aukist og það gerist m.a. með því að rekin eru sérverkefni sem þarf þá að afla sértekna fyrir. Þar hafa verið þrjú starfsmenn í hlutastarfi. Þorgeir Þorsteinsson, ráðgjafi í "Orkufrekur iðnaður við Skjálfanda", Jóna Matthíasdóttir starfsmaður "Snow Magic" og Helgi M. Arngrímsson, verkefnistjóri í "Útivist og afþreying í Þingeyjarsýslu", sem byggir á að undirbúa og gefa út kortabæklinga í samstarfi við sveitarfélögin.

Í tengslum við "Snow Magic" var ráðist í sérstakt átaksverkefni í Mývatnssveit um áramótin og lauk því núna 5 mánuðum síðar. Þetta var hægt m.a. vegna samstarfs við Vinnumálastofnun (Atvinnuleysistryggingarsjóð), Iðnaðarráðuneytið, Félagsmálaráðuneyti og fleiri. Þarna voru starfandi 10 manns þegar mest var.

Þetta sýnir að starfsemin var býsna mikil á starfsárinu en hafa ber í huga að þetta gerist ekki af sjálfu sér og verulega þarf að hafa fyrir að afla tekna og skipuleggja vinnuna til að þetta gangi upp.

Það er stjórn og starfsmönnum löngu ljóst að þörfin fyrir öflugt starf í atvinnu- og byggðamálum er mikil og því brýnt að leita leiða til að bæta enn í sóknina. Verkefnum hefur verið að fjölga og eðli þeirra að breytast. Árangur hefur verið að nást á ýmsum sviðum. Félagið hefur sýnt að það er mikilvægur hlekkur í héraðinu og hefur miklu hlutverki að gegna.

AP er með skrifstofuaðstöðu á 3ju hæð að Garðarsbraut 5 á Húsavík. Skrifstofa AP var starfrækt allt árið að frátöldum þremur vikum í júlí en þá var lokað vegna sumarleyfa. Lögð var áhersla á reglubundnar heimsóknir um starfssvæðið, án þess þó að settir væru upp fastir viðverutímar.

Þá er meira um það en áður að verkefni eða verkefnishugmyndir koma í gegnum sveitarfélög, þ.e. þau vísa viðkomandi aðila á að leita til AP. Þetta er jákvætt.

Ekki voru haldnir sérstakir kynningarfundir um starfsemi AP en mikil áhersla lögð á að sinna sem best beiðnum um aðstoð er komu fram. Ennfremur, eins og áður sagði, að stuðla að, eða vinna í, eins mörgum völdum viðfangsefnum og framast var unnt. Með þessu er vonast eftir jákvæðri kynningu og er stækkandi hópur þeirra sem leita aðstoðar eða ráðgjafar merki um árangur á þessu sviði. Því miður hafa verkfæri eins og vefsíðan [www.atthing.is](http://www.atthing.is) ekki verið nýtt nægilega markvisst til kynningar á starfseminni og því sem er í farvatninu hverju sinni, en það tekst væntanlega með eflingu starfseminnar.

Hluti af starfsemi AP felst í að fylgjast með, safna og miðla upplýsingum. Dæmi um þetta er sú vinna sem felst í því að fylgjast sem best með tækifærum þegar auglýstir eru ýmsir styrkir, samstarfssamningar, fundir o.s.v.frv. Jafnframt verður til gagna- og upplýsingasafn sem síðar meir nýtist þegar og ef sambærilegar hugmyndir koma fram á ný. Á þessu starfsári var ákveðið að setja upp nýtt verkbókhald með það að meginmarkmiði að hafa betri yfirsýn yfir tímanotkun á ýmsa flokka verkefna, fjölda verkefna í gangi hverju sinni, forgangsroðun og vægi þeirra, og síðast en ekki síst að koma upp skrá yfir verkefni sem lokið er við.

Á starfsárinu hófst vinna við stefnumótun fyrir félagið. Kveikjan að þessari vinnu varð m.a. sú almenna umræða er átti sér stað í fjölmiðlum um atvinnuþróunarfélög, skiptingu fjármagns til atvinnuþróunar og fleira í þeim dúr. Það er mat stjórnar að mikilvægt sé að endurmeta reglulega stöðu og árangur AP. Ennfremur að leitast við að efla félagið og vera viðbúin að mæta hugsanlegri gagnrýni með rökum ef ástæða þykir til. Stjórnin telur að verulegur árangur hafi orðið af starfi félagsins og má í þessu sambandi velta því fyrir sér hvernig þróunarstarf og byggðamynd væru ef atvinnuþróunarfélögin störfuðu ekki.

Ákveðið var að fara í formlega stefnumótun eða endurmat á stefnu AP. Þessari vinnu er ekki lokið og verður þráðurinn tekinn upp í haust. Vinnan hefur hvílt á stjórn og starfsmönnum félagsins og miðast m.a. við ræða út frá ýmsum hliðum hlutverk og framtíðarsýn AP. Þar vegast m.a. á augljóslega mikil þörf fyrir öflugan starfsemi, og ekki síður mörg álitleg tækifæri á svæðinu, og hinsvegar fjárhagsrammi félagsins og tækifæri til aukinna tekna.

Á undanförunum misserum hafa áherslur í starfi breyst nokkuð og í því ljósi þykir rétt að flokka verkefni hjá AP með öðrum hætti en áður.

- A) Stjórnun, fjármál og önnur innri málefni AP
- B) Einstaklings- og fyrirtækjasvið
- C) Byggðasvið
- D) Alþjóðasamstarf
- E) Auðlinda- og rannsóknasvið
- F) Upplýsinga- og kynningarsvið

Í þessari umræðu hefur einnig verið rætt um mikilvægi þess að skerpa markmið. Meginhlutverk AP er að stuðla að því að starfssvæðið sé ávallt eftirsóknarvert fyrir atvinnulíf og búsetu. AP er hlutafélag og fjárhagslegt meginmarkmið er að félagið skili hagnaði á hverju ári og byggji sig upp og eflist sem aftur stuðlar að meiri slagkrafti út á við.

## Samstarfsverkefni

Lítið var um formlegt samstarf við önnur atvinnuþróunarfélög á starfsárinu. Fyrir skömmu var árlegur vofundur atvinnuþróunarfélaga og Byggðastofnunar, sem að þessu sinni var haldinn á Reykjanesi. Gott samstarf er við ýmsa aðila innan stoðkerfis atvinnulífsins m.a. Byggðastofnun, Impru-nýsköpunarmiðstöð og Iðntæknistofnun.

Frumkvöðlasetur Norðurlands hefur verið með starfsaðstöðu á Húsavík í samstarfi við AP. Þessi starfsemi er nú í endurskoðun og var aðstaðan ekki nýtt af skjólstæðingum Frumkvöðlasetursins á starfsárinu. Þar kemur einnig til þekkingarsetur Þingeyinga en vegna aðkomu Háskólans á Akureyri var áhugi fyrir tengingu milli þessara þekkingarstofnana. Aðstaðan var einkum hugsuð fyrir tímabundin verkefni, t.d. þar sem verið er að undirbúa stofnun fyrirtækis eða gera sérstakar athuganir.

Impra-Nýsköpunarmiðstöð bauð atvinnuþróunarfélögum upp á samstarfsverkefni þar sem styrkur kæmi á mótinu vinnu. AP vann á starfsárinu að einu slíku verkefni í samstarfi við Vestmanneyinga. Í þessu tilviki er um rekstrarlíkan fyrir ferðapjónustu að ræða.

AP og Markaðsráð Þingeyinga (áður Markaðsráð Húsavíkur og nágr.) gerðu með sér samstarfssamning sem tók gildi 1. apríl síðastliðinn. Með honum tekur AP að sér að reka þjónustumiðstöð Markaðsráðsins sem leggur á mótinu til ákveðna upphæð sem ætlað er að standa undir kostnaði vegna rekstursins.

Eitt af meginhlutverkum AP eru samstarfsverkefni með sveitarfélögum á svæðinu og að vinna að mikilvægum samfélagslegum verkefnum. Þar mætti telja ýmis viðfangsefni en langstærst þeirra að umfangi er verkefnið "Orkufrekur iðnaður við Skjálfanda", þar sem AP lék verulegt hlutverk á starfsárinu í samstarfi við Húsavíkurbæ og fleiri. Þar hefur athyglin beinst mest að hugmyndum um álver, og veruleg vinna verið lögð í undirbúning.

MIL (Markaðsskrifstofa Orkusvið) var lögð niður í lok árs 2003, en skrifstofan hafði haft veg og vanda að undirbúningi stóriðju á Íslandi um áratuga skeið. Við lokun skrifstofunnar stöðvaðist öll undirbúningsvinna við verkefnið og óvíst um framhaldið. Að mati stjórnar AP og Húsavíkurbæjar var mikilvægt að þessi vinna héldi áfram og var ákveðið að ráða Þorgeir Þorsteinsson rafmagnsverkfræðing til að stýra verkefninu, en hann var fyrrverandi starfsmaður MIL og var því öllum hnútum kunnugur.

Þorgeir er starfsmaður AP með fjárhagslegri ábyrgð Húsavíkurbæjar en einnig hefur Orkuveita Húsavíkur og Kísilgúrsjóður styrkt verkefnið. Þegar AP hóf þessa vinnu í apríl 2004 hafði verið gengið



út frá álveri á Norðurlandi af stærðargráðunni 350 þús. tonn/ ár, en það var þá talinn lágmarksstærð sem fjárfestar vildu byrja á. Til álvers af þessari stærð þyrfti verulegan hluta að tiltækri orku af Norðurlandi og nýtt viðamikið dreifikerfi. Í okkar huga yrði aldrei sátt á Norðurlandi um þetta verkefni.

Okkar vinna hefur verið að útfæra skynsamlega nýtingu á háhitasvæðunum í Þingeyjarsýslu og álver byggt upp í áföngum. Niðurstaðan er 220 þús tonn/ár álver byggt upp í 3 þrepum þar sem fyrsti áfangi er 90 þús tonn/ár. Eftir töluverðar ýfingar við okkar nágranna liggur nú í loftinu sátt um þetta verkefni milli héraða, þar sem álver í landi Bakka er fyrsti kostur og fleiri en einn fjárfestir sækist eftir verkefninu.

Í samstarfi við Heilbrigðisstofnun Þingeyinga, Auðlindadeild Háskólans á Akureyri og fleiri er unnið að verkefni sem tengist frekari athugunum á möguleikum í heilsutengdri ferðapjónustu á svæðinu. Hér er um mikilvægt grunnverkefni að ræða sem tekur eins heildrænt og kostur er á þeim auðlindum sem eru til staðar, auk vísindalegra og markaðslegra þátta.

## **Þátttaka í alþjóðlegum verkefnum**

Eins og fram kom á síðasta aðalfundi gerðist AP aðili að tveimur svokölluðum NPP verkefnum á síðasta ári (NPP stendur fyrir Northern Periphery Program eða norðurslóðaáætlun ESB). Raunar stóð til að félagið tæki átt í þriðja verkefninu en ákveðið var að stíga af vagninum m.a. vegna fyrirsjáanlegs annríkis auk þess sem verkefnishugmyndin féll ekki nægilega vel að markmiðum AP.

Miðað við reynslu til þessa þykir ljóst að slík verkefni geta skilað miklum árangri og álitlegt að fylgjast með fleiri slíkum tækifærum ef þau virðast falla að viðfangsefnum hér á svæðinu og aðstæður leyfa. Slík verkefni eru þó öðru fremur tækifæri og verulega undir þátttakendum komið hvernig til tekst. Hlutverk AP í þessum verkefnum er að vera einskonar regnhlíf eða samnefnari.

Snow Magic (Snjótöfrar) er samstarfsverkefni svæða á Íslandi, í Svíþjóð og Finnlandi þar sem megináhersla er á vetrartímann, fjölga ferðafólki og efla atvinnulíf. Hér er einblínt á Mývatnssveit og unnið að ákveðnum viðfangsefnum á tímabilinu. Greinilegur ávinningur slíkra verkefna er miðlun á þekkingu, reynslu og hugmyndum milli aðila og svæða. Mikil ánægja var með vinnufund (workshop) sem haldinn var í febrúar í Mývatnssveit, í tengslum við verkefnið, þar sem fulltrúar svæðanna hittust og báru saman bækur sínar.

NORCE (Northern Coastal Experience) eða Strandmenning er samstarfsverkefni 17 aðila í 9 löndum. Hér er horft á strandsvæðið frá Skjálfanda að Langanesi, en meginmarkmiðið er að vinna að nýtingu ýmissa tækifæra sem felast við ströndina, hvort sem það er í náttúru, sögu, menningu eða öðru. Auk Þingeyinga eru aðilar hér á landi svæði við Húnaflóa og sunnanverðir Vestfirðir ásamt Breiðafirði. Húnavetningar leiða heildarverkefnið formlega.

## Greining verkefna

Á árinu 2004 voru skráð 58 ný verkefni en til samanburðar voru þau 65 árið áður. Þetta segir þó ekki allt því stundum er álitamál hvað telst vera formlegt verkefni því viðfangsefnið geta verið margvísleg. Þessu til viðbótar eru því fjölmargar fyrirspurnir, smávægileg aðstoð eða ráðgjöf sem veitt er í gegnum síma.

Fleiri verkefni en áður teljast vera svæðisbundin eða samfélagsleg þar sem unnið er að tilteknum viðfangsefnum sem ná yfir fleiri en eitt sveitarfélag. Þá eru í gangi nokkur langtímaverkefni sem taka yfir meira en eitt ár.

Núna í maí var byrjað að skrá reglulega inn í nýtt verkþókhald og með því fæst betri yfirsýn yfir tímanotkun eftir verkefnum og tilteknum flokkum, og ekki síður tölfræði yfir hvað er í gangi hverju sinni, og hvort tímaáætlanir standist. Eitt af því sem getur valdið ónákvæmni í slíkri tölfræði frá einum tíma til annars er að stundum er óljóst hvenær og hvort verkefni er lokið, hvort tiltekin þjónusta hafi verið nægjanleg eða hvort verkefnið kalli síðar á frekari skoðun. Það er sem sagt ekki algilt að "viðskiptavinir" láti vita þótt árangur hafi náðst og ekki sé þörf á frekari aðstoð.

Í verkefnakerfinu núna eru skráð 39 verkefni, ýmist í undirbúningi, vinnslu eða bið.

Eðli málsins samkvæmt geta verkefni verið mjög misjöfn að stærð og umfangi. Ennfremur er talsvert um að fleiri en eitt verkefni tengist með einhverjum hætti. Þannig tengist ferðaþjónusta til sveita landbúnaði eða matvælaframleiðslu svo dæmi sé tekið. Mikilvægt er að verkefni séu ekki um of skorðuð í þrönga ramma heldur skoðuð með hugsanleg tengsl við önnur viðfangsefni þegar aðstæður leyfa eða þykja áhugaverðar.

Verkefni sem tengjast stærri iðnaðarkostum hafa tekið verulegan tíma á undanförunum misserum, enda eru þetta að margra mati bæði mjög brýn viðfangsefni og líkleg til að skila góðum árangri.



Ferðapjónustan hefur einnig tekið mikinn tíma starfsmanna, enda gengur hún út á að fjölga hugsanlegum viðskiptavinum til að kaupa vöru og þjónustu sem er í boði á svæðinu. Þannig aukast viðskipti á svæðinu og heildarvirði þess vex. Á starfsárinu var lögð áhersla á að styðja við svæðisbundna stefnumótun og ennfremur að hvetja aðila til að auka afþreyingarþjónustu og skilgreina sem flesta þætti sem geta virkað sem aðráttarafl. Þrátt fyrir þessi áform varð minna úr en að var stefnt, en áfram verður stuðlað að þessu. Áður hefur verið minnst á skref í útgáfu á kynningarefni.

Atvinnuþróun er í eðli sínu langtíma- og þolinmæðisvinna þar sem mikilvægt er að huga að sem flestum hugmyndum á hverjum tíma því ekki gengur nema hluti þeirra upp. Að sama skapi getur ýmislegt haft áhrif á lengd þess tíma sem frumkvöðlar eða stjórnendur ætluðu sér til að ná tilteknum árangri. Jafnframt er mikilvægt að skipuleggja ferla og haga málum ávallt þannig að stefnt sé ákveðið að lokamarkmiðum í hverju verkefni meðan von er eða aðstæður leyfa. Enginn endist í að skilgreina endalaust verkefnishugmyndir og fylgja þeim úr hlaði ef enginn nær síðan að komast af bjartsýnisstigi á raunverulegt framkvæmdastig. Þarna þarf að ná ásættanlegum árangri.

Nokkur dæmi um álitleg verkefni sem hafa með einhverjum hætti komið inn á borð AP á þessu starfsári.

Á síðasta aðalfundi AP var ályktað sérstaklega um mikilvægi fyrirhugaðrar kísilduftverksmiðju við Mývatn. Kunnara er en frá þurfi að segja hvernig lyktir þeirrar hugmyndar urðu þrátt fyrir nokkra bjartsýni á stundum.

Í samstarfi við Heilbrigðisstofnun Þingeyinga og aðstandendur fyrirtækisins Doc hf. var unnið að því 2003 og 2004 að koma á starfsemi á Húsavík í tengslum við þróun á hugbúnaði. Oft er nú talað um að það vanti fjármagn í tengslum við atvinnu uppbyggingu en í þessu tilfalli var búið að fá vilyrði fyrir hlutafé frá Byggðastofnun. Stefna hugbúnaðarfyrirtækisins virðist hafa breyst af einhverjum ástæðum og verkefnið því flautað af.

Á undanförunum misserum hafa verið skoðaðir möguleikar á Polyol verksmiðju við Húsavík sem nýtti þá gufu frá Þeistareykjum. Þetta er enn í athugun og fylgst er með framvindu mála.

Navamedic ASA (áður Glucomed ASA) í Noregi hefur í nokkurn tíma haft í undirbúningi að reisa verksmiðju á Húsavík sem framleiddi lyfið glucosamín (fyrst kítin sem síðan er notað sem hráefni í glucosamín). Samkvæmt upplýsingum frá fyrirtækinu er nú stefnt á að hefja framkvæmdir í sumar.



## Hluthafar

Í framhaldi af samþykkt hluthafafunda á síðasta ári var hlutafélagins hækkað, þrír nýir hluthafar bættust við, og eru hluthafar nú 23. Með þessu styrktist eiginfjárstaðan og baklandið enn fremur. Jafnframt var ákveðið að leita til atvinnulífsins með framlög í formi þriggja ára samstarfssamninga. Bréf voru send fyrir nokkru til hóps fyrirtækja og hafa fengist jákvæð viðbrögð.

## Hvatningarverðlaun

Að loknum þessum aðalfundi verða Hvatningarverðlaun AP afhent í fjórða skipti. Markmiðið með verðlaununum er að hvetja einstaklinga, fyrirtæki og stofnanir til nýsköpunar og til að ná árangri í rekstri.

## Lokaorð

Á síðasta aðalfundi var það m.a. rætt að nauðsynlegt væri að ná að festa þriðja starfsmanninn í sessi hjá félaginu. Ekki hefur þetta tekist að fullu ennþá, en þó hefur ákveðnum áfanga verið náð með þeirri viðbótarfjárveitingu sem félaginu var úthlutað beint af fjárlögum á þessu ári. Sú fjárveiting gerði það kleift að nýlega var ráðinn starfsmaður, tímabundið, til að sinna ýmsum verkefnum á vegum félagsins. Tilkoma þessa starfsmanns gerir það að verkum að AP getur betur sinnt fyrirliggjandi verkefnum. Auk þess getur félagið fylgt betur eftir og nýtt tækifæri sem felast í stærri samstarfsverkefnum.

Það verður því enn eitt af meginverkefnum stjórnar AP, á komandi starfsári, að ná að tryggja fjármuni til að gera fastráðningu þriðja starfsmannsins mögulega. Þrátt fyrir að ítrekað hafi verið bent á rök fyrir því að eðlilegt sé að endurskoða fjárveitingar ríkisins til AP, með hliðsjón af þessu, þá hefur það ekki enn skilað okkur alla leið.

Þetta m.a. leiðir hugann að því hvernig starfsemin er fjármögnuð og vekur spurningar um það hvort sú aðferð sem er viðhöfð er líkleg til að skapa ásættanlegar aðstæður í rekstri félagsins.

Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga er hlutafélag en er rekið nánast eingöngu fyrir framlög, annars vegar frá eigendum félagsins og hins vegar frá ríkinu, mestmegnis um Byggðastofnun. Tekjur utan þessa eru í formi styrkja, að mestu leyti, en gjaldtaka vegna veittrar þjónustu hefur ekki verið tíðkuð. Ein af þeim spurningum sem hefur komið fram í þeirri stefnumótunarvinnu sem unnið er að, af stjórn og starfsmönnum félagsins, er hvort ekki sé ástæða til að breyta þessu.

---

Þrátt fyrir að við getum verið mjög sátt við það starf sem starfsmenn AP eru að inna af hendi í dag er erfitt að horfa fram hjá því að takmörkuð fjárráð standa eðlilegri þróun þjónustunnar fyrir þrifum. Eigi félagið að geta rækt hlutverk sitt með árangursríkum hætti í framtíðinni þurfum við að geta skapað því viðunandi rekstrargrundvöll. Með þeim hætti tryggjum við áfram öfluga starfskrafta innan félagsins og getum haft væntingar til þess að starfsemin efli atvinnulíf í Þingeyjarsýslum um ókomna framtíð.

Stefnt verður að því leggja tillögur að nýrri stefnumótun AP fyrir eigendur síðar á þessu ári.

Fyrir hönd stjórnar þakka ég það traust er hluthafar hafa sýnt okkur. Samverkamönnum í stjórn og ágætum starfsmönnum félagsins þakka ég ánægjulegt samstarf á liðnu ári.

Þannig flutt á aðalfundi 3. júní 2005.

Björn Ingimarsson  
formaður stjórnar

## Viðauki 1 Um Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga

### Hlutverk

Meginhlutverk AP er að styðja og efla atvinnulíf í Þingeyjarsýslum og stuðla þannig að jákvæðum búsetuskilyrðum og samfélagsþróun. Félagið er ráðgefandi í atvinnumálum og flestu því er varðar stofnun og rekstur fyrirtækja. Jafnframt er það hlutverk AP að aðstoða við upplýsingaleit (innanlands og erlendis), hagkvæmniathuganir, markaðs- og kynningarmál, vörubrúun og nýsköpun. Þá aðstoðar félagið við öflun styrkja og lánsfjár og gegnir upplýsingahlutverki um stoðkerfi atvinnulífsins.

Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga er ráðgjafafyrirtæki í eigu 10 sveitarfélaga í Þingeyjarsýslu, Byggðastofnunar og nokkurra fyrirtækja og verkalyðsfélaga á starfssvæðinu.

### Framtíðarsýn

AP er ætlað að vera mikilvægur hlekkur í að styðja við atvinnulíf og nýsköpun á svæðinu. Félagið skal skipað starfsfólki sem hefur góða þekkingu á staðháttum og veitir þjónustu sem stenst faglegan samanburð. Auk almennrar ráðgjafarþjónustu er mikilvægt að félagið fylgist með þróun og grundvallarbreytingum atvinnugreina. Því beitir félagið sér fyrir sterkari tengslamyndum, samstarfi og þátttöku atvinnufyrirtækja og atvinnumálanefnda á starfssvæðinu.

Framtíðarsýn AP byggir á heildarsýn á svæðið með tilliti til margbreytileika þess og skynsamlegri nýtingu náttúruauðlinda. Með miklum mannauð og vaxandi þekkingu verður þannig bæði hægt að byggja á hefðbundnum stoðum og nýjum viðfangsefnum. Í náinni framtíð er einkum horft til aukinnar orkunýtingar og þeirrar öru þróunar sem er í fjarskiptum og upplýsingatækni, auk tækifæra sem felast í ferðaþjónustu.

### Tilgangur

Tilgangur félagsins, eins og hann kemur fram í samþykktum félagsins, er að stuðla að jákvæðri þróun atvinnulífs og að bæta almenn búsetuskilyrði í Þingeyjarsýslu í samstarfi við sveitarfélög og samtök þeirra. Skipuleggja og standa fyrir fjölbreyttum stuðningsaðgerðum í þágu þeirra sem eru í atvinnurekstri, hyggja á atvinnurekstur eða tengjast atvinnurekstri. Auka nýsköpun og

---

arðsemi í atvinnulífinu með verkefnum og þjónustu sem fela í sér hagnýt gildi og eru hvetjandi til athafna á sviði atvinnusköpunar.

## Markmið

AP veitir einstaklingum, fyrirtækjum, stofnunum og sveitarfélögum á starfssvæðinu fjölbætta þjónustu á sviði viðskiptaráðgjafar.

Í samræmi við samstarfssamning AP og sveitarfélaga eru meginmarkmið eftirfarandi:

- Að stuðla að jákvæðri þróun atvinnulífs í Þingeyjarsýslum.
- Að bæta almenn búsetuskilyrði á starfssvæði félagsins í samstarfi við sveitarfélögin á svæðinu og samtök þeirra.
- Að skipuleggja og standa fyrir fjölbreyttum stuðningsaðgerðum í þágu þeirra sem eru í atvinnurekstri, hyggja á atvinnurekstur eða tengjast þróun atvinnulífs.
- Að auka nýsköpun og arðsemi í atvinnulífinu með verkefnum og þjónustu, sem fela í sér hagnýtt gildi og er hvetjandi til athafna á sviði atvinnusköpunar.

## Helstu áherslur

- Rekstraráðgjöf og hagkvæmnisúttektir
- Upplýsingamiðlun og upplýsingamiðlun
- Frumkvæði í atvinnusköpun
- Aðstoð við fjármögnun (lán og styrkir)
- Efla almenna búsetu og búsetuskilyrði á svæðinu
- Kynningarstarf á svæðinu

## Verkefnum má skipta í fimm flokka

- Verkefni sem unnin eru fyrir og í samstarfi við einstaklinga og starfandi fyrirtæki
- Verkefni sem unnin eru að beiðni sveitarfélaga
- Svæðisbundin verkefni sem ná yfir fleiri en eitt sveitarfélag
- Verkefni sem varða allt svæðið
- Almenn upplýsingagjöf um svæðið.